

Almyrkvinn á Íslandi 12. ágúst 2026

undirbúningur og gagnlegar upplýsingar

Staðsetning

Staður	Breidd	Lengd
Borgarnes	64°32,3'N	021°55,3'V

Tímatafla

C1 – upphaf sólmyrkva	C2 – upphaf almyrkva	Hámark	C3 – lok almyrkva	C4 – lok sólmyrkva	Lengd almyrkva
16:46:26	17:47:36	17:47:58	17:48:20	18:46:50	44s
Sólarhæð og átt	Sólarhæð og átt	Sólarhæð og átt	Sólarhæð og átt	Sólarhæð og átt	
30°, 237°	25°, 252°	24°, 252°	24°, 252°	18°, 266°	

Við hendina


Sólmyrkvagleraugu – Sólarvörn – Rétt klukka – Hlý föt, teppi – Stólar, drykkir, matur – Myndavél, sólarsía, þrífötur – Vasaljós

Fyrirbæri

- Litbrigði. Þótt það dimmi líkt og við sólarlag í aðdraganda almyrkva, eru litir umhverfisins öðru vísi. Umhverfið er bláleitari, mun kaldara en við sólarlag.
- Dýrahegðun. Dýr skynja/halda að það sé að koma nótt og fara að undirbúa svefn. Öll náttúran verður hljóð og kyrr.
- Ormaskuggar. Flestir horfa til sólar þegar almyrkvinn er að skella á, en þá er einnig vert að líta niður á ormaskugga (e. shadow bands/shadow snakes). Í um 20 s fyrir almyrkvann tindrar (blikkar) sólarröndin mjög áberandi. Þetta er vegna kviku í lofthjúpi jarðar, svipað og þegar stjörnur tindra. Jörðin undir fótum manns virðist þá iða af ljósum og dekkri dansandi bogalínunum, líkt og ormagryfja.
- Blossaperlur. Síðustu sólargeislarnir brotna upp í aðskilda ljósdepla, blossomperlur (e. Baily's beads), vegna landslags á rönd tunglsins.
- Demantshringur. Síðustu geislar sólar (demanturinn) ásamt ljóshring umhverfis tunglið.
- Myrkvun. Sjálf myrkvunin kemur mjög skyndilega (á innan við 3 s). Nú má taka niður sólmyrkvagleraugin. Það verður ekki niðadimmt, ratbjart eins og af dauðu tungsljósi, en sér vart til verka. Bjart er út við sjóndeildarhringinn. Tilfinning um kólnun.
- Sólkóróna. Sólkórónan er úr rafgasi (e. plasma) umhverfis sólina, sem kalla má lofthjúp sólar, og verður skyndilega sýnileg með berum augum. Sólkórónan er björt, stór og gerð úr örfinum hvítum, sumir segja silfrudum þráðum. Áferð hennar minnir svolítið á björt

norðurljós, en engin hreyfing sést yfir þann stutta tíma sem almyrkvi varir. Því er haldið fram að geislabaugar helgra manna á málverkum eigi uppruna í útleti sólkórónunnar.

8. Stjörnur. Skyndilega verður stjörnuþjart og þá er gagnlegt að vera fyrirfram búinn að skoða stjörnukort til getað áttað sig á helstu stjörnum umhverfis sólina.



9. Sólkerfið. Eftir staðsetningu reikistjarna má skynja að maður horfi á sólkerfið úr fjarska. Með heppilegri uppröðun sýnist augljóst að reikistjörnurnar séu fylgihnettir sólarinnar. Til þess að skynja þetta þarf að skoða stjörnukort og staðsetningu reikistjarna fyrir myrkvann.
10. Blika. Þótt ský séu oftast til ama við sólmyrkvaskoðun, þá geta blika, gráblika eða mistur stundum deytt sólarljósið nægilega þannig að unnt sé að horfa beint á sólina með berum augum. Ef sól er lágt á lofti við þannig aðstæður verður jafnvel lítill deildarmyrkvi áberandi.
11. Alskýjað. Í alskýjuðu veðri verður upplifun af sólmyrkva allt önnur en í heiðskíru. Ómögulegt getur verið að taka eftir litlum deildarmyrkva og flest fyrirbæri við almyrkva sjást alls ekki. Hins vegar getur almyrkvun verið drungalegri, þegar ekki sést hvað veldur. Á skýjum í fjarska má sjá skugga almyrkvans koma til og fara frá áhorfanda á miklum hraða, um 1 km/s.
12. Regnbogi. Ef skúrir/regn eru andstætt sólarátt, er möguleiki á að sjá regnboga. Regnbogi sést einungis ef sólarhæð er undir 42° . Þegar sólin er orðin mjög dauf í deildarmyrkva, þá dofna birta regnbogans og virðist þá undarlega bleikur á litinn. Þetta er líklega sjónvilla, háð mismundandi litanæmni augans. Vert er að fylgjast með þessu fyrirbæri ef sólmyrkvi verður í skúraveðri.
13. Norðurljós. Á Íslandi er örlítill möguleiki á að sjá norðurljós í almyrkva, sérstaklega að kvöldlagi.
14. Persítar. Loftsteinadrífa sem virðist koma frá stjörnumerkinu Perseus er með hámark um 12.-13. ágúst. Mögulega mætti því sjá stjörnuhrap við almyrkva.
15. Hratt flýgur stund. Þótt almyrkvi standi í 1-3 mínútur, líður tíminn ótrúlega hratt og næsta víst að almyrkvinn verður búinn áður en öll þessi fyrirbæri hafa verið skoðuð gaumgæfilega.